

**HAFNARFJÖRÐUR**

## Jafnréttisáætlun

### Umhverfi og framkvæmdir Hafnarfjarðar 2012 - 2014

#### EFNISYFIRLIT


1. Inngangur
2. Upplýsingar
  - a) **Upplýsingar um starfsmannafjölda og skiptingu fulltrúa í ráðum, nefndum og stjórnnum.**
  - b) **Upplýsingar um laun starfsmanna.**
  - c) **Upplýsingar um viðhorf starfsmanna.**
3. Jafnréttisáætlun framkvæmdasviðs
4. Ábyrgð og endurskoðun

#### 1. Inngangur

Undir umhverfi og framkvæmdir Hafnarfjarðar heyrja Fasteignafélag Hafnarfjarðar, Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar, umhverfis- og hönnunardeild, Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar, Vatsveita Hafnarfjarðar og Fráveita Hafnarfjarðar.

Jafnréttisáætlun þessi hefur verið í vinnslu í einhvern tíma. Áætlunin byggir á lagaskyldu en skv. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 96, 2000 hvílir skylda á fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni. Jafnréttisstefna hefur verið unnin fyrir Hafnarfjarðarbæ og samþykkt í lýðræðis- og jafnréttisnefnd og í bæjarstjórn sumarið 2004. Í stefnunni eru ítarleg ákvæði um hvernig framfylgja skuli jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar en þar er gert ráð fyrir því að unnar verði sérstakar jafnréttisáætlanir stofnana/fyrirtækja þar sem jafnréttisstefna Hafnarfjarðar verður nánar útfærð og þá með tilliti til starfsemi hvernar stofnunar/fyrirtækis. Heimild er fyrir því að gera sameiginlega áætlun fyrir fleiri en eina stofnun og/eða fyrirtæki.

Jafnréttisáætlunin er gerð fyrir umhverfi og framkvæmdir í heild með öllum deildum og fyrirtækum meðtöldum og eru starfsmenn 43 þegar áætlunin er gerð. Uppbygging jafnréttisáætlunar umhverfis og framkvæmda er á þá leið að fyrst eru settar fram almennar tölulegar upplýsingar um starfsmannafjölda og samsetningu nefnda og ráða, viðhorf starfsmanna og launaupplýsingar. Síðan eru sett fram markmið og leiðir í jafnréttismálum gagnvart starfsmönnum sviðsins. Að endingu er kveðið á um ábyrgð og endurskoðun á áætluninni.




## 2. Upplýsingar


### a) Upplýsingar um starfsmannafjölda og skiptingu fulltrúa í ráðum, nefndum og stjórnnum.

Hjá umhverfi og framkvæmdum starfa 43 manns þar af ein kona. Sviðsstjóri umhverfi og framkvæmda er karlmaður. Forstöðumaður fasteignafélagsins og húsnæðisskrifstofu er karlmaður, vatsveitustjóri er karlmaður, forstöðumaður umhverfis- og hönnunardeildar er kona, forstöðumaður fráveitu er karlmaður, yfirverkstjórar þjónustumiðastöðvar eru tveir karlmenn,

Upplýsingar um tölulega kynjaskiptingu pólitískra fulltrúa í ráðum, stjórnnum og nefndum sem tilheyra umhverfi og framkvæmdum og upplýsingar um aðra starfsmenn verða sýndar hér fyrir neðan með skífum.

### Samsetning á hlutfalli kynja í nefndum og ráðum umhverfis og framkvæmda 2102





## HAFNARFJÖRÐUR

### **b) Upplýsingar um laun starfsmanna.**

Gerðar hafa verið launakannanir á nokkurm sviðum en samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir hefur ekki verið gerð launakönnun á umhverfi og framkvæmdum.

Stefnt skal að því að gera launakönnun en vert er að skoða samsetningu hvað kyn varðar þar sem eingöngu ein kona vinnur á umhverfi og framkvæmdum.

### **c) Upplýsingar um viðhorf starfsmanna.**

Viðhorfskönnun verði unnin á framkvæmdasviði á meðal starfsmanna.

Framkvæmdin er liður í að afla upplýsinga á meðal starfsmanna um starfsánægju og viðhorf til jafnréttismála. Sambærilegar kannanir hafa verið unnar á fjölskyldusviði og þjónustu- og þróunarsviði og gert er ráð fyrir að slíkar kannanir verði unnar með reglubundnu millibili til að mæla árangur í jafnréttismálum. Þáttaka í þessari könnun var þó miklu dræmari en á hinum sviðunum og niðurstöðurnar ekki jafn jákvæðar. Viðhorfskönnunin í heild sinni er birt sem viðauki við jafnréttisáætlunina. Rétt er að taka það fram að fáir tóku þátt í könnuninni og því er erfitt að draga miklar ályktanir af niðurstöðunni. Almennt má segja að konur séu óánægðari með hlutskipti sitt en karlar hvort sem um er að ræða laun eða möguleika í starfi. Starfsmenn eru almennt á því að starf þeirra samræmist vel fjölskyldulífi og frítíma – konurnar telja það þó síður.

## **3. Jafnréttisáætlun umhverfis og framkvæmda.**

***Meginmarkmið – Tryggja skal að allir starfsmenn njóti sömu starfsréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.***


### ***Kynferði:***

#### ***Markmið***

- Tryggja skal jafnt konum sem körlum sömu möguleika á störfum hjá umhverfi og framkvæmdir.

#### ***Leiðir***

- Stjórnendur hafi jafnréttismarkmið að leiðarljósi við ráðningar og undirbúning þeirra.
- Í starfsauglýsingum skulu karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um stöður.
- Stjórnendur vinni samkvæmt verklagsreglum við ráðningar.



## HAFNARFJÖRÐUR

### **Laun og fl. hlutir:**

#### **Markmið**

Tryggja skal að allir njóti jafnréttis hvað varðar laun, starfsframa, gerð símenntunaráætlna, og töku orlofs.

#### **Leiðir**

- Yfirmaður umhverfis og framkvæmda setji verklagsreglur varðandi fasta yfirvinnu og komi með tillögur til að útrýma kynbundnum launamun á meðal starfsmanna sé hann fyrir hendi.
- Gera skal reglulegar viðhorfskannanir á meðal starfsmanna.
- Árlaga skal gerð launaúttekt á meðal starfsmanna ?
- Gerð verði úttekt á þeim fjármunum sem renna til endurmenntunar starfsmanna og verði þá einkum litið til skiptingar á milli kynja.

### **Aðbúnaður:**

#### **Markmið**

- Tryggja skal að allir njóti jafnréttis hvað varðar vinnuáðstöðu, öryggis- og hlífðarbúnað og mótuneyti.

#### **Leiðir**

- Gerð hefur verið úttekt á öllum vinnuáðstöðum að undaskildri vatnsveitu m.t.t. öryggis, aðgengis og aðbúnaðar og skal það yfirfarið á ári hverju. Gerðar hafa verið úrbætur í mörgum tilfellum sér í lagi á starfsaðstöðu fráveituog þjónustumiðstöð. Mótuneytið er hluti þeirrar úttektar.

### **Almenn jafnréttismál:**

#### **Markmið**

- Stuðla skal að betri vitund og skilningi um jafnréttismál á meðal starfsmanna.


#### **Leiðir**

- Standa skal að fræðslu um jafnréttismál.

### **Fjölskyldan:**

#### **Markmið**

- Auðvelda skal starfsmönnum að samræma störf sín og einkalíf.



## HAFNARFJÖRÐUR

### **Leiðir**

- Tryggja skal að starfsmenn geti haft áhrif á vinnutíma/vaktaskipulag þar sem því verður við komið.
- Bjóða starfsmönnum upp á möguleika að minnka við sig vinnu tímabundið vegna fjölskyldu þar sem því verður við komið.

### **Einelti og kynferðisleg áreitni:**

#### **Markmið**

Unnið skal gegn hvers konar einelti og það meðhöndlað á faglegan hátt.

#### **Leiðir**

Útbúin verði áætlun fyrir stjórnendur og trúnaðarmenn um til hvaða aðgerða skuli grípa varðandi hvers konar einelti, þ.m.t. kynferðislega áreitni.

### **4. Ábyrgð og endurskoðun.**

Jafnréttisáætlun er unnin af jafnréttisfulltrúa umhverfis og framkvæmda. Ábyrgðaraðili er yfirmaður umhverfis og framkvæmda. Áætlunin gildir til næstu tveggja ára. Áætlunin skal kynnt á stjórnendafundi og síðan er það á ábyrgð hvers stjórnanda að kynna hana fyrir sínu starfsfólki.

Nauðsynlegt er að jafnréttisáætlunin sé sýnileg og virk í framkvæmd. Í því skyni skal koma á fót jafnréttisnefnd innan umhverfis og framkvæmda. Í nefndina eru tilnefndir þrír starfsmenn. Jafnréttisnefndin hefur yfirumsjón með framkvæmd jafnréttisáætlunar auk þess að vinna að endurmati og gerð nýrrar áætlunar í samstarfi við lýðræðis- og jafnréttisfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar. Jafnréttisnefnd skal skila árlegri skýrslu til lýðræðis- og jafnréttisfulltrúa um hvernig gengur að fylgja áætluninni eftir.

Samþykkt af yfirmanni umhverfis og framkvæmda þann 8. 11. 2012.

Sigríður Páll Hauksson

